



Pési

Næsti Pési kemur út í ágúst 2016. Efni þarf að berast í síðasta lagi 7. ágúst 2016.



Hátíðardagskrá í Hrunamannahreppi

17.júní 2016

Dagskráin hefst með skrúðgöngu sem leggur af stað frá félagsheimilinu klukkan 13.30. Að henni lokinni, eða um klukkan 14. hefjast hefðbundin hátíðarhöld í félagsheimilinu. Fjallkonan flytur ljóð. Séra Óskar H. Óskarsson flytur hugvekjju og Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir flytur hátíðarræðu. Þá verður tilkynnt um val á íþróttamanni ársins auk þess verða nokkrir afreksmenn í hinum ýmsu íþróttagreinum heiðraðir. Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps verða veitt. Þá er komið að „17.júní hlaupii“ en keppt verður í yngri og eldri flokkum. Að lokum mun Einar Mikael töframaður stíga á stökk og galdra fyrir viðstadda.

-Unglingadeildin Vindur mun selja blöðrur og bjóða uppá andlitsmálingu í félagsheimili.

-Kassaklifur við félagsheimili

-Gamli leikir á túninu bakvið félagsheimili

Frá klukkan 20.-21.30 verður fjölskylduball og mun hljómsveitin **Axlabandið** halda uppi fjöri.



Eftirtaldir aðilar verða með opið 17.júní

Kaffi Grund-Vaffla með rjóma,kaffi/kakó kr. 950, Bragginn, Kaffi Sel opið 8.00-20.30, Verslunin Grund, Hótel Flúðir,Minilik einnig verður Gréta Gísla með opna vinnustofuna sína í Hruna frá 15.00-17.00

17. júní nefndin

júní 2016
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

26. árgangur.
305.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Júní mánuður er runninn upp og þetta árið má sannarlega segja að sumarið sé komið. Þetta er ólíkt því þegar pistillinn var skrifaður fyrir ári síðan en þá var á mörkum að vorið væri komið. Svona er Ísland yndislegt og óút-reiknanlegt en ræktendur í Hrunamannahreppi hljóta að kætast núna.

Það er gaman að sjá að nýja steinullarlínan hjá Límtré-Vírnets sé komin í gagnið og var verksmiðjan formlega vígð þann 9. júní s.l. Þessi starfssemi er mikið hryggjarstykki í atvinnulífi okkar og hefur verið til fjölda ára. Ég er ekki síður ánægður með það framtak Límtrésmanna að ganga vel frá umhverfi verksmiðjunnar en plön og aðkomuleiðir að verksmiðjunni verða malbikaðar o.fl gert. Sveitarfélagið þarf á móti að standa við loforð sitt um að malbika götu að verksmiðjunni en það er alltaf áfangi þegar okkur tekst að loka malargötum eða vegum í sveitarfélaginu. Hins vegar vil ég hvetja aðra aðila á Flúðum sem eru með atvinnurekstur að huga að því að skerma af og bæta umgengi á sínum lóðum því sannarlega má ásýndin víða vera betri.

Eitt minna verkefni sem búið er að framkvæma er færsla á Hellisholtalæk út frá væntanlegu ípróttasvæði. Ég vil þakka Garðari í Hellisholtum sér-staklega fyrir að gera gamalt heiðursmannasamkomulag virkt og er það til fyrirmyndar og eftirbreytni. Þarna gefst tækifæri til að stækka svæði út frá væntanlegum ípróttavelli og auðveldar það verkið og eykur möguleika svæðisins.

Annað spennandi verkefni sem er í mótun er drög að deiliskipulagi fyrir Gröf. Málið var kynnt á íbúafundi um daginn og þakka ég fyrir góða mætingu á fundinn og ánægjuleg viðbrögð við þessum hugmyndum. Að mínu mati er þetta svæði fjöregg uppbyggingar í miðbæ Flúða. Annað sem tengist miðbænum er uppbygging Helgu og Sverris á Grund á sinni starfssemi en maður bíður spenntur eftir að þau taki nýja byggingu í notkun. Ég vil einnig þakka þeim fyrir góðan hug og samskipti við afsal á lóðarréttindum á bakkanum við Litlu-Laxá til sveitafélagins en þarna er tækifæri til að útbúa tengingar inn á Grafarsvæðið og sem útvistarsvæði. Allt tengist þetta óbeint nýjum Hvammsvegi sem ég tel afar vel heppnaðan og nú ætti rykið að vera endanlega horfið af veginum og sakna þess eflaust fáir.

Nú hillir undir að Kerlingarfjöllin og svæði tengt þeim verði friðlýst. Það er framsýni að leggja metnað í verndun svæða og einnig gera sér góða

grein fyrir hvernig þau svæði eiga að nýttast komandi kynslóðum, bæði til friðunar og skynsamlegrar sjálfbærrar nýtingar.

Til að auk mont okkar Hrunamanna þá var, að ég held, haldinn fyrsti landsleikurinn í Hrunamannahreppi s.l. laugardag. Þá mættust landslið Íslands og Danmerkur í blaki kvenna í íþróttahúsinu á Flúðum. Þetta er merkur áfangi til þess að við getum dregið til okkar slíka atburði en íþróttahúsið á Flúðum hefur í raun slegið í gegn eftir stækkunina á því. Vonandi geta fleiri sprotar sprottið upp frá þeim möguleika sem húsið býður upp.

Það er alltaf sumarboði þegar Flúðaskóla hefur verið slitið og nemendum sleppt inn í sumarið. Það er gæfa okkar að eldri börnin eru virk í atvinnuþátttöku og það gerðist þetta árið að aðeins ein umsókn barst í vinnuskóla sveitarfélagsins og verður því ekki formlegur vinnuskóli þetta árið. Sýnir þetta best hvernig staðan er núna á vinnumarkaði en það er gargandi eftirspurn eftir vinnuafli. Hins vegar er lífleg starfssemi í kring um Ungmennafélagið og önnur félagasamtök á sumrin þannig að vonandi finna börnin okkar sér ýmislegt til dundurs í sumar annað en bara vinnu.

Það þarf ekki að efast um að mikið ferðamannasumar er að hefjast og eflaust verður ekki skortur á fólki á svæðinu. Líkur eru á því að hátíðir sumarsins verði með svipuðum hætti, verslunarmannahelgin væntanlega á sínum stað og uppskeruhátíðin í haust og síðan verður væntanlega fyrstu helgina í júlí skemmtun af hálfu útvarpsstöðvar K-100 „Mandlan svokallaða, sem er nýmæli. Stendur til að þá sömu helgi verði hlöðuball í reiðhöllinni á Flúðum en fróðlegt verður að sjá hvernig það kemur út. Hins vegar hvet ég fólk og fyrirtæki í sveitarfélaginu til að nýta sér hátíðirnar og sumarið sem tækifæri til að selja þjónustu og ekki væri verra að skapa ný fyrirtæki í þessum geira. Þá verður ekki verra þegar bakarí og bændamarkaður verður opnaður að Smiðjustíg 10 á Flúðum en það er flott framtak að auka flóruna til að selja þjónustu. Ég vil síðan hvetja fólk til að taka þátt í 17 júní hátíðarhöldunum á Flúðum. Kannski verður tækifæri að nota Lækjargarðinn á Flúðum að hluta til undir atburði hátíðarinnar ef veður leyfir.

Nú urðu þau tímamót að oddvitaskipti urðu í sveitarstjórninni þegar Ragnar lét af störfum og Halldóra tók við. Ég vil nota tækifærið að þakka þeim Ragnari og Mörtu fyrir góð störf í þágu samfélagsins og þakka persónulega fyrir góð kynni. Óska ég þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi þó ég þykist vita að þau séu nú ekki búin að slíta tengslin við gamla hreppinn.

Þesinn mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður víst enginn júlípistill. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótið þess vel og lengi

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

GRÍMSÆVINTÝRI

6. ágúst



Grímsævintýri á Borg, 6. ágúst 2016

Við í Kvenfélagi Grímsness erum byrjaðar að huga að Grímsævintýrum á Borg sem verða 6. ágúst. Tombóla, fjölskylduhátíð, handverks- og matarmarkaður. Við byrjum á að taka við borðapöntunum á markaðinn 25. maí, nánari upplýsingar og borðapantanir fara í gegnum netfangið: grimsaevintyri@gmail.com.

Ertu með þína framleiðslu í handverki eða mat sem þú vilt selja? Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.

Lítið borð: 3.500kr Stórt borð: 4.500kr

****OPNUM FYRIR bókanir 25.maí****

Fylgstu með viðburðinum á Facebook – Grímsævintýri 6. ágúst 2016



ÚTREIÐARTÚR HESTAMANNAFÉLAGSINS SMÁRA 2016

Á kosningadaginn þann 25. júní er fyrirhugað að ríða hringinn í kring um Vörðufell á Skeiðum. Reiðtúrinn hefst hjá Stefaníu í Vorsabæ kl 13:00 og verður aðstaða þar til þess að geyma aukahross. Riðið verður með fjallið á vinstri hönd og hægt ef vill að koma inn í túrinn við Iðu áður en farið verður í hvarf að fjallsbaki. Endað verður hjá formanninum í Fjalli þar sem étið verður grillað ket fyrir hóflegt verð. Hringurinn er um 20 km. Áhugasamir tilkynni þátttöku á netfang Smára

smari@smari.is

Kveðja - Útreiðanefnd Smára



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Alltaf hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Þann 16. júní kl 20:30 verður útplöntunar kvöld hjá Skógræktarfélaginu í Kópvatnsásnum. Mæting við Kirkjuskarðið, allir velkomnir.

Veitingar að hætti félagsins .

Kveðja, stjórnin.



Opið alla daga

Verið hjartanlega velkomin!

Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli

Sími 486-6454/891-7811/661-5935

Heimasíða: www.kaffisel.is

Netfang: info@kaffisel.is

Facebook: kaffisel



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting
– Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímapantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir





Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélagin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu B.A, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Lestur og læsisstefna í leik-og grunnskólanum í Hrunamannahreppi

Nú á vormánuðum hefur verið unnið að gerð sameiginlegrar læsisstefnu fyrir leikskólann Undraland og Flúðaskóla. Með læsisstefnu er stuðlað að samfelli, frá upphafi leikskóla til loka grunnskóla, auk þess að styðja við fjölbreytni í lestrarnámi. Með slíkri stefnu gefst tækifæri til að skipuleggja lestrarkennslu, mat á lestri og auðveldara að finna nemendur með frávík og bregðast markvisst við t.d. með snemmtækri íhlutun. Hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar byggir á kerfisbundnum skimunum og viðbrögðum við niðurstöðum þeirra, einstaklingsáætlanagerð og íhlutun fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Einnig byggir læsisstefna á markmiðum í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla og á niðurstöðum rannsókna á gagnreyndum kennsluáferðum, eða leiðum, sem hafa sýnt að skipti máli til að efla bernskulæsi, lestur og lesskilning. Margt sem kemur fram í læsisstefnunni er nú þegar verið að vinna að en með henni verður starfið enn markvissara og skýrara. Stefnt er að því að læsisstefnan verði tilbúin með haustinu og verður hún þá kynnt ítarlega meðal íbúa í sveitarfélaginu.

Það er ótal margt sem börn og ungmenni þurfa að ná færni í á sínum uppvaxtarárum, einn mikilvægur þáttur er að ná tókum á lestri. Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að góð lestrarfærni sé undirstaða ævináms og nauðsynleg til að geta aflað sér upplýsinga svo viðkomandi geti tekið virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Bæði íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að markviss vinna með orðaforða, bókstafaþekkingu og hljóðkerfisvitund á leikskólaárum eykur líkur á farsælu lestrarnámi í grunnskóla. Þótt nemendur hafi náð góðri lestrarfærni er mikilvægt að þjálfar lestur og lesskilning áfram upp allan grunnskólann, því að það er með lestur, eins og aðra færni, að hann þarf að þjálfar markvisst.

Samfélagið okkar býr svo vel að eiga gott bókasafn sem gaman er að heimsækja, þar er fjölbreytt úrval bóka við hæfi allra aldurshópa. Fjölskylduferð á bókasafnið er góð hugmynd því við foreldrar erum fyrirmynd barna okkar í lífinu.

Um leið og við óskum ykkur gleðilegs sumars viljum við hvetja ykkur til að til lesa fyrir börnin eða hlusta á þau lesa og eiga samræður um efnið því slíkt styrkir orðaforða þeirra og skilning.

Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðaskóla
Valdís Magnúsdóttir, leikskólanum Undralandi

Forstöðumaður Bókasafns Hrunamanna

Hrunamannahreppur auglýsir laust til umsóknar stöðu forstöðumanns Bókasafns Hrunamanna í 50% starf frá 1. september 2016. Bókasafn Hrunamanna er skóla- og almenningsbókasafn. Forstöðumaður vinnur í nánú samstarfi við sveitarstjóra og skólastjóra Flúðaskóla.

Starfið felur í sér allt sem viðkemur starfsemi bókasafns svo sem rekstur, innkaup, grisjun, stjórnun, fræðslu, umsýslu og fleira.

Menntun, reynsla og hæfniskröfur:

- Æskilegt er að starfsmaður hafi menntun í bókasafns- og upplýsingafræði og/eða kennslufræðum eða annað háskólapróf sem nýtist vel í starfi.
- Starfsreynsla á almenningsbókasafni og/eða skólabókasafni með þekkingu á bókasafnskerfinu Gegni.
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Starfið er fjölbreytt og mikilvægt að starfsmaður sé jákvæður og eigi auðvelt með samskipti við fólk og hafi áhuga og ánægju af að vinna með börnum og ungmennum.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 24. júlí og skal umsóknum skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps í umslagi merkt „Bókasafn – umsókn“, eða á netfang: hruni@fludir.is

Nánari upplýsingar um starfið gefur Áslaug Bjarnadóttir, forstöðumaður, í síma 480 6628 eða bokasafn@fludir.is

Sumarferð.

Mínum á hina árlegu sumarferð Félags eldri Hrunamanna ,sem verður farin mánudaginn 11. júlí.

Eins dags ferð. Farið verður um Rangárvallafrétt og Emstrur.

Innifalið í kostnaði ferðarinnar er nesti til dagsins.

Kvöldverður að Smáratúni í Fljótshlíð. Reyndur og kunnugur fararstjóri.

Lagt verður af stað frá Félagsheimilinu kl. 9:00.

Þátttaka tilkynnist til

Bubbu og Magnúsar

í síma: 486 6670 eða 862 3674 í síðasta lagi 4. júlí.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax. Sumar 2016

Mánudaga til laugardaga 09:00-22:00

Sunnudaga 10:00-22:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Fyrsti landsleikurinn í
Íþróttahúsinu á Flúðum.
BLAK:
Ísland—Danmörk

Nú er sumarið komið

...eða hvað?

UniversalSchale

Steinefnafata fyrir sauðfé



Lambatúttufötur og lambatúttur

5 túttu 8 L



Lamba-mjólkurduft



6 túttu 8 L



Merkilítir sprej 500 ml.

Lítir: Blár - Rauður - Grænn

Merkilítir (stick)

Lítir: Blár - Fjölublár - Grænn - Gulur - Orange - Rauður - Svartur

Lambapeli 1 líter



"Klaufa" klippur



Skammtasprautur



Inngjafasprautur



Sáðvörulistinn 2016

Yrki	kg/ha	kg/sekk	Verð ánsk.	Verð prágk ánsk.
Vallarfoxgras				
Vega	25-30	25	659	
Grindstad	25-30	25	715	
Tuukka	25-30	25	645	
Vallarsveifgras				
Miracle	25-30	25	770	
Vingull				
Túnvingull Gondolin	25-30	25	580	
Hávingull Pradel	25-30	25	790	
Grasfrablöndur				
Stólpablanda I Fyrir kýr*	25-30	25	715	
Stólpablanda II Fyrir fé og belt**	25-30	25	730	
Stólpablanda III Hávingulsblanda***	25-30	25	790	
Fjölært rygresi				
Mathilde	25-30	25	435	
Sumarrýgresi				
Bartigra	25-30	25	387	
Vetrarrýgresi				
Barmultra	25-30	25	385	

Yrki	kg/ha	kg/sekk	Verð ánsk.	Verð prágk ánsk.
Sumarrepja / Vetrarrepja / Fjóðurnæpa				
Sumarrepja Pluto	10-18	10	1.050	
Vetrarrepja Barooli	8-10	25	465	
Vetrarrepja Akela	8-10	25	395	
Fjóðurnæpa Samson	1,5	1	930	
Hafrar				
Domenic	180-200	50/500	115	
Cilla	180-200	30	110	
Belgjurtir - Hestabaunir - Ertur - Hvít- og Rauðsmári				
Ertur Javlo	200-225	500	155	
Hestabaunir Colombo <i>NYJUNG</i>	180-200	25	190	
Hvítsmári Rivandel	5-6	10	1.250	
Rauðsmári Suez	5-6	10	1.645	
Bygg 6 raða				
Aukusti 6 raða	180-200	700/30	110	
Filippa 2ja raða	180-200	700	115	
Tamtam 2ja raða	180-200	50	105	
Salome 2ja raða	180-200	700 / 30	110	
Vorhveiti				
Vorhveiti Amaretto	180-200	500	135	
Vorhveiti KWS Bittern	180-200	500	130	



NYJUNG HESTABAUNIR

Löng hefð er fyrir ræktun á hestabaunum í heiminum en ásamt linsubaunum og kjúklingabaunum eru hestabaunir taldir mjög auðveldar í ræktun. Hestabaunir gera ekki miklar kröfur til jarðvegsgerðar. Hestabaunir eru köfnunarefnisjurt svipuð og ertur en Landstólpi hefur verið að þróa áfram ræktun á ertum sem grænifóði um nokkurt skeið með góðum árangri. Norðmenn hafa verið að rækta hestabaunir með vorhveiti sem heilsaði síðastliðin ár og uppskorið sterku- og próteinríkt fóður. Við höfum fulla trú á að þessi ræktun henti íslenskum aðstæðum.



Gunnbjarnholt, 801 Selfoss Sími 480 5600

Ferðamálabrúin

Háskólafélag Suðurlands



Námið er 460 klst / 18 ECVET eininga, tveggja anna nám. Kennsla fer fram x2 virka daga í viku og x1 laugardag á sex vikna fresti.

Kúrsarnir eru:

Haustönn

- Samskipti, miðlun og tjáning I
- Skipulagning og stjórnun ferðamannastaða
- Stjórnun innan ferðapjónustufyrirtækja
- Ferðapjónustan og netheimar
- Námsferð til Malaga (okt/nóv)

Vorönn

- Samskipti, miðlun og tjáning II
- Hnatræn tækifæri í ferðapjónustu
- Að auka upplifunina – ferðamaðurinn
- Samtal við umhverfið – viðskiptavinurinn
- Lokaverkefni

Kostnaður er 169.000kr fyrir hvora önn. Innifalið í því er flug og gisting í námsferð til Malaga á haustönn. Flest stéttarfélög niðurgreiða hluta námskeiðsgjalda fyrir sína félagsmenn. Háskólafélagið mun aðstoða nemendur með að kynna sér þá möguleika sem fyrir hendi eru.

Kennarar verða Anna Valgerður Sigurðardóttir ferðamálafræðingur og Ottó Valur Ólafsson viðskiptafræðingur sem sjá um bóklegu kúrsana, auk Jóns Bjarna Bjarnasonar markþjálfara og kennara sem sér um samskiptakúrsinn.

Allar nánari upplýsingar veitir Ingunn Jónsdóttir í síma 560-2042 / 695-0420 og tölvupósti ingunn@hfsu.is

Fréttir frá leikskólanum Undralandi !

Við vorum svo heppin að nú á vordögum gaf foreldrafélag leikskólans okkur allan kassann um málörvunarverkefnið Lubbi finnur málbein.

Lubbi finnur málbein og þau verkefni sem honum fylgja eru hugsuð til málörvunnar og hljóðnáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Bókin og allt Lubba efnið er eftir talmeinafræðingana Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur, vísur í bókinni eru eftir Þórarinn Eldjám. Í bókinni eru öll íslensku málhljóðin með ákveðið tákni eða hreyfingu sem tengist hljóðinu með því að tengja það saman er auðveldara að muna.



Í bókinni og öllum verkefnum í nýju kössum nýttist sérfræðipækking þeirra sem vinna hér með börnum sem hafa annað móðurmál en íslenskuna með þeim sem glíma við erfiðleika í máltöku og líka hinum sem læra málið án vandkvæða. Margar Rannsóknir sýna ótvírátt að hljóðanám eflir hljóðkerfisvitund barna og leggur góðan grunn að lestramámi.

Við höfum verið að nota Lubba bókina og diskinn undanfarin ár en nú ætlum við að nýta allan Lubba hér í húsinu og erum við strax byrjuð. Vinnan er þannig hugsuð að við byrjum á að nota eitt málhljóð í einu og vinnum við þar afleiðandi með þetta tiltekna málhljóð t.d. a við fjöllum um bókstafinn a og syngjum sérstaka vísu og lag sem fjallar um a þá er allt sem tengist þessu málhljóði gripið og notað í daglegu starfi. Við tölum um málhljóð en hverju hljóðmálinu fylgir bókstafurinn þannig að ósjálfrátt læra börnin bókstafina í leiðinni.



a

Íslensku málhljóðin eru sérstök og hljómar íslenska tungumálið mjög sérkennilega í eyrum margra. Við vitum öll að góður grunnur í málproska auka líkur á lífsgæðum bæði náms, líkamlega, andlega og félagslega.

Við komum til með að setja inn á heimasíðuna okkar og eða facebooksíðuna um það hvaða málhljóð við erum að nota hverju sinni þannig að allir geti fylgst með.

Þetta er mjög spennandi verkefni þar sem hægt er að tengja allt saman sem tengist málhljóðum, lestri og hljóðnámi. Við hlökkum mikið til að vinna að þessari þróunarvinnu sem allir starfsmenn í húsinu koma að.

Kæru foreldrar við þökkum ykkur kærlega fyrir þessa góðu gjöf sem á drugglega eftir að nýstast leikskólanum mjög vel.



Kæru konur!

Kvennareiðtúrinn 2016 verður farinn 18.júní

Lagt verður af stað af hlaðinu í Langholtskoti kl. 16:00

Riðið verður yfir Langholtskotslandið að Litlu-Laxá, yfir hana og niður bakkana út í Auðsholt. Frá Auðsholti verða Hvítár-bakkar riðnir og endum við svo í Reiðhöllinni.

Hollvinir Reiðhallarinnar ætla að sjá um matinn fyrir okkur og bjóða súpu, nýbakað brauð og kaffi á 2500 kr.

Af virðingu við landeigendur biðjum við ykkur um að geyma hundana heima.


Nefndin verður með bauka til sölu í Reiðhöllinni á sanngjörnu verði. Vinsamlegast skráið ykkur inni á viðburðinn á facebook (kvennareiðtúr 2016) eða hringið í okkur Freyja 8685602, Ragnheiður 855213 eða Valdísi 82266 í síðasta lagi mánudagskvöldið 13.júní.

Allar konur eru velkomnar í reiðtúrinn og eða í matinn bara að muna að skrá sig ☺

Ath. verðum ekki með posa

Bestu kveðjur,

kvennareiðtúrsnefnd 2016.



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

Skrifstofan er lokuð vegna sumarleyfa frá og með 4. júlí til 22. júlí

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Er við á miðvikudögum

Pantanir í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu.

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana

Hólsulind í Laundhóli



Gamla fjósið í Hruna Opin vinnustofa listamanns

Gréta Gísladóttir myndlistarmaður starfar í gömlu fjósi á prestsetrinu í Hruna í Hrunamannahreppi, rétt austan við Flúðir.




Gréta útskrifaðist frá Myndlistaskólanum á Akureyri 2011 eftir þriggja ára nám við skólann. Hún hafði áður numið í myndlist og glerlist við listaskóla í Danmörku.

Gréta fæst að mestu við málverk og beitir blandaðri tækni, þ.e. olíulitum, acryllitum, kolum og ýmsum öðrum óskildum efnum. Verkin eru bæði smá og stór, sum máluð á striga, önnur á viðarplötur. Á vinnustofu Grétu hefur hún einnig til sölu vandaðar eftirprentanir af verkum hennar í formi tækifæriskorta. Það má kynna sér verk Grétu á heimasíðunni www.gretagisla.is eða á Facebook.

Á vinnustofu Grétu gæti fólk rekist á eiginmann hennar að störfum. Sá er tónlistarmaður og heitir **Karl Hallgrímsson**. Þau hjónin eru búsett á Flúðum. Karl semur tónlist og texta og hefur gefið út tvær hljómplötur með frumsömdu efni; „*Héðan í frá*“ 2011 og „*Draumur um koss*“ 2015.

Gréta og Karl bjóða gesti velkomna á vinnustofuna, fylgjast með þeim að störfum og líta á verk Grétu. Þau bjóða kort og myndir til sölu og auðvitað hljómplöturnar tvær. Með fyrirvara geta þau tekið á móti hópi gesta og boðið upp á stutta tónlistardagskrá og/eða myndlistarkynningu. Það er því miður ekki salerni á vinnustofunni enn. Gestir vinnustofunnar eru beðnir um að sýna nærgætni við umhverfi Hruna og vera minnugir þess að þeir eru gestir í Gamla fjósinu en ekki í öðrum nálægum húsum.



Myndlist
&
tækifæriskort

Opin vinnustofa
Gamla fjósið
Hruna



Opíð mið - lau
Kl. 13 - 16

gretagisla.is

Sundlaugin á Flúðum.

Mánudaga til föstudaga: 12:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Frá 2. júlí til 1. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 10:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 10:00-21:00

Frá 2. ágúst til 12. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 12:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga 17:00-20:00.

Lokað á miðvikudögum og föstudögum.

Tækjasalurinn verður lokaður í júlí.



Starfsmaður í Félagsmiðstöð

Um er að ræða 60% starf veturinn 2016-2017 í Félagsmiðstöðinni Zero vegna fæðingarorlofs. Upplýsingar hjá sveitarstjóra í síma 480 6600, á skrifstofunni á skrifstofutíma, netfang hruni@fludir.is.

Kæru Pésalesendur

Í byrjun maí fór unglिंगadeildin Vindur til Noregs að heimsækja norska unglिंगadeild. Deildin var búin að safna sér fyrir ferðinni sem tókst frábærlega.

Við viljum þakka öllum þeim sem studdu okkur til ferðarinnar með einum eða öðrum hætti og þá ekki sýst þökkum við Hrunamannahreppi stuðninginn en sveitafélagið lánaði okkur bæði húsnæði og bíl.

Hér með má sjá ferðaskýrslu sem meðlimir deildarinnar skrifuðu eftir heimkomu.

Með kæru þakklæti meðlimir unglिंगadeildarinnar Vinds.

Unglिंगadeildin Vindur í Noregi 2016



Dagur 1. 4. maí

Við lögðum af stað frá Flúðum klukkan 03:00 á staðartíma á tveimur rútum og stemningin í hópnum var gríðarleg. Stefnan var tekin á Keflavík airport, þegar galvaskur hópurinn var mættur í Leifsstöð hófumst við handa við að innrita okkur. Svo þegar upp var komið fóru aðrir að versla en hinir að éta, eftir það hoppuðum við upp í Boeing 757 þotuna og skutumst til Norge. Þegar lent var í Osló tókum við til fótana því ekki veitti af því að stutt var í næsta flug til Stavanger. En allt kom fyrir ekki við misstum af fluginu en til allra lukku var bara klukkustund í næsta flug og var ekkert mál að fá miða í það flug. Þegar til Stavanger var komið tóku norsku umsjónarmennirnir á móti okkur og hoppuðum við upp í bíla og lá leiðin á veitingarstaðinn „Egon“ þar gúfðuðum við í okkur gómsætar flatbökur. En svo óheppilega vildi til að einn meðlimur unglingarældarinnar fékk bráðaofnæmis kast og var því fluttur á spítala og var þar eina nótt en kom til baka næsta morgun sprell lifandi til allra lukku. Eftir að allir höfðu lokið matnum höfðum við smá lausan tíma á meðan við biðum eftir ferju, þá var meðal annars farið í H&M og Starbucks. Frá Stavanger tókum við ferju til bæjarins Tau, þaðan tókum við góðan bíltúr upp í það sem norðmennirnir kallar fjallaskála en það var bundið slitlag alla leið. En þegar upp skála var komið dattu af okkur allar lýs dauðar þegar við tókum eftir malbikuðu bílastæði auk þeirra þæginda var 230volta rafmagn, rennandi vatn og uppþvottarvél. Þetta myndum við íslendingar kalla gott sumarhús en hvað um það. Þegar í skálann var komið beið okkar kræsingar á borði sem búið var að laga til handa okkur. Eftir ljúfenga kvöldmáltíð var haldið til rekkju og sofað vært. Þetta var langur en skemmtilegur dagur sem leiðinlegt hefði verið að missa af.



Dagur 2. 5.maí

Pökkuðum saman dótinu okkar og fórum að hitta norsku krakkana. Þau tóku vel á móti okkur og við fengum að skoða húsið þeirra og tækin. Svo fórum við á ferðamannastað þar sem við myndum labba 4km upp á fjall og að kletti sem kallast Preikestolen sem er mjög hár. Þar var rosa gaman þótt við vorum flest rosalega lofthrédd, sérstaklega Halldóra. Héldum við svo niður og sáum á leiðinni björgunarþyrlu. Það var rosa flott og svo löbбуðum við alveg niður og fengum okkur að borða við vatnið. Svo keyrðum við að höfninni og fórum þaðan með bát til Lysebotn sem er í Lysefjord. Þar löbбуðum við að gömlum skóla sem við ætluðum að gista í og fluttum dótið okkar inn. Svo var farið í sturtu og haft gaman. En eftir það var farið í bólið.



Dagur 3. 6.mai


Á degi 3 löbбуðum við að kletti í gegnum göng þar sem við fórum að síga það var meget godt. Eftir þar fórum við aftur heim og síðan í keppni með allskyns þrautum með blönduðum liðum.



Dagur 4. 7. Maí


Dagurinn byrjaði á morgunmat. Við fengum egg og beikon. Svo skelltum við okkur í finasta göngutúr um Lysebotn. Við fórum að skoða Kölduholu en það var köld hola sem var notuð í gamla daga til að kæla mjólk og aðrar afurðir, klifra í klettum og vaða. Það var mesta sportið. Að fá að vaða í lítilli á sem var ísköld. Þegar aftur var komið í skólann var bundið um sárin á Antoni því hann fékk nokkrar rispur og fáeina skurði. En hann fékk prinsessuplástur í sárabót. Seinnipart dagsins fórum við svo í bátsferð. Við skoðuðum litla strönd sem var stutt frá Lysebotn. Þar vorum við í smá tíma og klifruðum aðeins í klettunum og tókum myndir af fallega landslaginu. Svo komum við aftur í skólann og þá fengum við köku í boði Sondre. Kakan var mjög góð. Svo var slakað á og farið í sólbað. Seinna um kvöldið fórum við svo í leiki. Við fengum góðan kvöldmat og farið var í íþróttahúsið eftir á og farið í blak og sýnd voru fimleikabrögð. Það var mikill svefngalsi um kvöldið og það var mikið hlegið.

Dagurinn var frábær.



Dagur 5. 8.maí

Við pökkuðum snemma um morguninn og fengum okkur morgunmat með Norðmönnum. Svo var farið út að höfn og siglt heim. Fengum við stórt knús bæ frá öllum krökkunum og umsjónarmönnum. Það var rosalega fallett að sigla fjörðinn og allir skemmtu sér á bátunum. Eftir að það var komið í höfn var sagt bæ við sjómennina og lögðum við svo af stað. Við stoppuðum við annað björgunarsveitahús sem var fremur stærra en það fyrsta. Fórum við svo út að sjó og busluðum og byggðum aðeins. Svo var farið út á flugvöll og þar var sagt bæ við restina af Norðmönnum og haldið var í flugvélin. Eftir langt flug vorum við sótt og skutlað okkur heim. Þetta var frábær reynsla og ég held að allir eiga eftir að sakna Noregs og vilja örugglega líka allir fara aftur.



Pátttakendur í ferðinni voru samtals 21, 17 unglingar og 4 umsjónarmenn.

Anton Gunnlaugur Óskarsson, Ástráður Unnar Sigurðsson, Dísá Björk Birkisdóttir, Eva María Ragnarsdóttir, Guðmundur Heiðar Ágústsson, Guðmundur Ísak Pálsson, Hannes Einar Einarsson, Hannibal Sindri Óskarsson, Hörður Freyr Þórarinsson, Jónas Guðmundsson, Kristinn Þór Styrmisson, Ljósbrá Loftsdóttir, Ragnheiður Guðjónsdóttir, Sigríður Helga Steingrimsdóttir, Sölvi Rúnar Þórarinsson, Steinar Þór Kristinsson, Tobias Mór Ölvisson.

Umsjónarmenn: Birgir Örn Steinarsson, Einar Ágúst Hjörleifsson, Else Nilsen og Halldóra Hjörleifsdóttir.



Hér er meirihlutinn af hópnum á Preikestolen.

Við fengum frábærar móttökur hjá Norsk Folkehjelp, Espen, Kristine, Eirik, Sondre og Ingrid. Ferðin var eitt stórt ævintýri og fá þau 1000 þakkir frá okkur fyrir frábæra ferð.

Unglingadeildin Vindur.

UPPSPRETTAN

Hátíð í Skeiða- og
Gnúpverjahreppi 18.-19. júní

2016



Brokk og skokk • Partý með Magga Kjartans
Landsleikur, Ísland-Ungverjaland, á stóra tjaldinu
Leikhópurinn Lotta • Uppsprettumáltíð
Fróðlegir fyrirlestrar • Hoppukastali • Klifurveggar
Uppspretturatleikur • Bjástrað á bæjunum,
listmunir og munngæti • Myndbandamaráðon

HÁTÍÐIN FER FRAM Í ÁRNESI
Verið öll hjartanlega velkomin!

 *Nánar á facebook*




RÚLLUN!

Tökum að okkur rúllun og pökkun.

Getum rúllað þurru heyi allt að 160cm skurður,
7-8-15 hnífar.

Sími: 868 4741 Karl, 846 7026 Helgi



 alamy stock photo

Frá Foreldrafélagi leikskólans Undralands

Sælir kærur foreldrar og sveitungar. Með pistli þessum langar okkur í stjórn foreldrafélagsins að kynna fyrir ykkur starf okkar. Í vetur hafa eftirfarandi einstaklingar setið í stjórn foreldrafélagsins: Sigfríð Lárusdóttir – formaður, Arna Þöll Sigmundsdóttir – gjaldkeri, Eva Dís Ólafsdóttir – ritari, Jónína K. Björnsdóttir – fyrir hönd leikskólans, Silke Like – stjórnarmeðlimur, Hulda Hrönn Stefánsdóttir – varaformaður og Alvin Árnason Poulsen – varamaður. Þessi stjórn hefur setið síðustu tvö ár.

Á haustin þegar börnin koma aftur í leikskólann styrkjum við ferð í dýragarðinn Slakka með því að gefa þeim rútukostnaðinn. Síðast liðið haust buðum við ásamt foreldrafélögum leikskólans í Brautarholti og í Reykholti uppá fyrirlestur í félagsheimilinu. Þar fjölluðu Hugrún Vignisdóttir sálfræðingur og Hrafnhildur Karlsdóttir kennsluráðgjafi um félagsþroska og kvíða barna. Þetta samstarf var mjög skemmtilegt og vonum við að það sé hægt að halda því áfram.

Á jólamánuðum bjóðum við ásamt foreldrafélagi skólans börnum í leikskólanum og yngsta stigi grunnskólans uppá leikrit í félagsheimilinu. Síðustu jól kom Möguleikhúsið einsog svo oft áður, með sýninguna Langafi þakkari. Börn og fullorðnir skemmt sér konunglega yfir því. Á litlu jólonum sjáum við um að finna skemmtilega sveinka og eitthvað skemmtilegt í gjöf fyrir börnin. Í tilraunarskíni og vegna þess að við höfðum ákveðið að gefa leikskólanum ungbarnarólur sem eru afar dýrar var selt inná jólakaffi á litlu jólonum. Það var gaman að sjá hversu margir foreldrar og fylgifiskar komu á litlu jólin og fengu sér kaffi og með því í leiðinni. Einnig fengum við styrk frá kvenfélagi Hrunamanna og Sveitafélagi Hrunamanna uppá sitthvorn 100.000 kr og erum við þeim afar þakklát. Ungbarnarólurnar voru jólagjöf til yngstu deildarinnar Móakots frá Foreldrafélaginu, Skógarkot og Heiðarkot fengu sitthvorn traktorinn í jólagjöf.

Öskudagurinn er alltaf skrautlegur hjá okkur í stjórninni þá tökum við þátt í skemmtuninni. Blásúm upp blöðrur, gefum börnunum nammi og sýnum leikþátt. Þetta ár reyndum við við stórverkið Rauðhetta og úlfurinn og gátu börnin hlegið og glott yfir þessari sýningu hjá okkur.

Leikskólinn bað okkur um styrk fyrir Lubba spili og styrktum við hann að sjálfsgöðu. Lubbi er hundur sem er að leita að málbeini. Börnin eru fengin til að hjálpa honum og með því bæta þau málþroska og máhljóð og æfa stafi stóra og smáa. En til að fá betri útskýringar á þessu þurfið þið að ræða við skvísurnar á leikskólanum og Nonna.

Vorið kom með öllu tilheyrandi, því vorið er annasamur tími hjá stjórninni. Vorhátíð, vorsýning, vorferð og kökubasar. Í ár sló leikskólinn tvær flugur í einu höggi og sameinaði vorhátíð og vorsýningu okkur til mikillar ánægju. Hlutverk foreldrafélagsins á vorhátíð er að aðstoða við skemmtun hjá börnunum ef þurfa þykir og grilla hamborgara ofan í börn og starfsfólk og bjóðum uppá djús til tilbreytingar. Á vorsýningu sjáum við um kaffi og með því fyrir foreldra og skipum í kökubasarsnefnd. Kökubasarsnefndin sér svo um að láta foreldra vita hvað eigi að baka, auglýsa basarinn og verðleggja kökurnar. Kökubasarinn er okkar helsta fjáröflun. Það heppnaðist afar vel að slá þessum tveimur atburðum saman.



Kökubasarinn var svo í lok dags sem var einnig nýung og kom það skemmtilega út. Vorferð foreldrafélagsins var 28.05.16 í Kvenfélagsskóginum. Fengum við með ein-dæmum gott veður. Mæting var mjög góð þetta árið og léku börnin sér kát og glöð í skóginum og fengu svo grillaðar pylsur og safa.

Til gamans má geta að ungbarnarólurnar verða settar uppí sumar á leikskólanum. Því ekki var hægt að setja þær niður í frosna jörð um jólin. Einnig vildi starfsfólk leikskólans fá að færa eitthvað til fyrir rólunum svo hentugast er að setja þær niður í sumarfrí leikskólans.

Við vonum að þið hafði haft gaman að því að fræðast um starf okkar, það er mikilvægt fyrir okkur að geta glatt börnin okkar.

Ragnar Magnússon afhendir nýjum oddvita Halldóru Hjörleifsdóttur-lykla að skrifstofunni, en Halldóra tók formlega til starfa sem oddviti þann 9. júní sl og fyrsta embættisverkið var einmitt þann dag, þegar hún afhenti Stefáni Loga Haraldssyni blómvönd við vígslu nýju yleiningarverk-smiðjunnar



Leikskólafréttir

Veðrið hefur leikið við okkur í vor og einkennist starf leikskólans af mikilli útiveru. Nemendur og starfsfólk hefur notið þess að nýta nærumhverfið til leiks og náms.

Við fórum í Hruna og kíktum á sauðburð, settum niður kartöflur og höfum farið í marga göngutúra um svæðið.

Í ár var ákveðið að sameina vorhátíð og vordag og var einn dagur tekinn í glens og grín, foreldrar komu og grilluðu handa okkur og síðan var opnuð sýning á verkum nemenda.

Fimm nemendur voru útskrifaðir úr leikskólanum í vor og kveðjum við þau og óskum velfarnaðar í nýjum skóla. Á útskriftina mættu Kolbrún og Friður úr Flúðaskóla, kynntu sig og hvöttu foreldra og nemendur til að nota tíma í sumar til að æfa lestur.

Foreldrafélagið kom færandi hendi með ungbarnarólur, sem settar verða upp í sumar, og námsefni sem heitir Lubbi finnur málbein og er ætlað til að efla hljóðkerfisvitund sem er mikilvæg í tengslum við læsi og lestur.

Á elstu deildinni er markvisst unnið með ART sem er þjálfun í félagsfærni og sjálfstjórn. Hér á leikskólanum eru nokkrir starfsmenn með ART réttindi og fleiri bætast við næsta vetur.

Tveir starfsmenn skelltu sér í raunfærnimat hjá Fræðslunetinu og þurfa að bæta við sig einu fagi til að fá titilinn leikskólaliði og óskum við þeim til hamingju með árangurinn.

Vel lítur út með starfsmannahald næsta vetur og búið að ráða í flestar stöður, barnafjöldi verður svipaður í haust og var í vetur.

Fyrir hönd starfsfólks leikskólans,

Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir

p.s. minnum á Facebook síðu leikskólans: Leikskólinn Undraland

